

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1063/2012

2015/EES/63/35

frá 13. nóvember 2012

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ⁽¹⁾, einkum d-lið 6. mgr. 21. gr. og b-, d- og f-lið 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er mælt fyrir um reglur um heilbrigði dýra og manna vegna aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða í því skyni að koma í veg fyrir og draga sem mest úr áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra af völdum þessara afurða. Ull og hár af dýrum sem sýndu engin merki um sjúkdóma, sem geta smitast með þessari afurð í menn eða dýr, skal tilgreina sem efni í 3. flokki sem um getur í h- og n-lið 10. gr. í þeirri reglugerð.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun ⁽²⁾ er m.a. mælt fyrir um framkvæmdarreglur varðandi setningu ulla og hárs á markað.
- 3) Þurr, ómeðhöndluð ull og hár í tryggilega lokuðum umbúðum skapa ekki hættu á að sjúkdómar breiðist út, að því tilskildu að þau séu send beint til stöðvar sem framleiðir afleiddar afurðir til notkunar utan fóðurferlisins eða til stöðvar þar sem fram fer millistigsstarfsemi við skilyrði sem koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsvalda. Aðildarríkin skulu því eiga þess kost að undanþiggja rekstraraðila, sem flytja slíka ómeðhöndlaða ull og hár beint til framangreindrar stöðvar, frá þeirri tilkynninga-

skyldu sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Því ber að breyta 4. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

- 4) Í B-lið VII. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er kveðið á um endapunkt fyrir ull og hár.
- 5) Í grein 8.5.35 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigði sstofnunarinnar um landdýr ⁽³⁾ er kveðið á um skrá yfir aðgerðir til að óvirkja gin- og klaufaveikiveiruna í ull og hári af jörturdýrum, til notkunar í iðnaði.
- 6) Því skal bæta alþjóðlega viðurkenndum aðferðum til að óvirkja gin- og klaufaveikiveiruna í ull og hári af jörturdýrum, ætluðu til notkunar í iðnaði, við þá meðhöndlun, sem er sem stendur notuð í tengslum við setningu á markað innan Evrópusambandsins svo og við innflutning á ull og hári frá þriðju löndum, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011.
- 7) Aðildarríkin hafa þó möguleika á að samþykka aðrar aðferðir sem tryggja að óviðunandi áhætta verði ekki áfram til staðar eftir meðhöndlun á ull og hári, þ.m.t. aðferð við þvott í verksmiðju sem er frábrugðin stöðlum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar.
- 8) Ómeðhöndluð ull og hár af jörturdýrum, ætluð til notkunar í textíliðnaði, skapa ekki óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði dýra að því tilskildu að þau komi af jörturdýrum sem eru haldin í löndum eða á svæðum sem eru skráð í 1. hluta II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti inn í Evrópusambandið er leyfður og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða ⁽⁴⁾ og hafa heimild til að flytja ferskt kjöt af jörturdýrum, sem falla ekki undir viðbótarábyrgðir A og F sem þar eru nefndar, inn í Sambandið.
- 9) Enn fremur skal þriðja land eða svæði í þriðja landi, þaðan sem ullin og hárið eru upprunnin, vera laust við gin- og klaufaveiki og, ef um er að ræða ull eða hár

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 314, 14.11.2012, bls. 5. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

⁽³⁾ http://www.oie.int/index.php?id=169&L=0&htfile=chaptre_1.8.5.htm

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1.

af sauðfé og geitum, laust við fjárbólu og geitabólu í samræmi við almennu grunnviðmiðanirnar sem eru skráðar í II. viðauka við tilskipun ráðsins 2004/68/EBE frá 26. apríl 2004 um reglur um heilbrigði dýra vegna innflutnings og umflutnings tiltekinna hóf- og klaufdýra á fæti í Bandalaginu, breytingu á tilskipunum 90/426/EBE og 92/65/EBE og niðurfellingu á tilskipun 72/462/EBE ⁽⁵⁾.

- 10) Til að rekstraraðilar hafi yfir að ráða nægilega fjölbreyttum aðferðum og verklagsreglum til að draga úr þeirri áhættu sem stafar af viðskiptum með og innflutningi á ull og hári skal mæla fyrir um viðbótarkröfur að því er varðar setningu ullar og hárs, sem eru flutt inn frá þriðju löndum án takmarkana í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, á markað. Breyta ber 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 11) Fyrir skýrleika sakir skal breyta reglum um innflutning á ómeðhöndlaðri ull og hári, sem mælt er fyrir um í 8. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, til samræmis við það.
- 12) Svín eru smitnæm fyrir útbreiðslu annarra sjúkdóma en gin- og klaufaveiki, einkum afríkusvínapestar, sem útheimtir sérstaka meðhöndlun á ull og hári sem kemur af svínum. Því skal setning á markað og þar af leiðandi innflutningur á ull og hári af svínum frá þriðju löndum háð sömu skilyrðum og mælt er fyrir um varðandi svinsburstir. Því ber að breyta 2. lið A-liðar í VII. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 13) Viðbótarmeðhöndlun á ull og hári, sem kemur af öðrum dýrum en svínum, sem eru send beint til stöðvar sem framleiðir afleiddar afurðir úr ull og hári fyrir textíliðnaðinn, skal einnig standa rekstraraðilum í aðildaríkjunum til boða. Því ber að bæta við B-lið VII. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 14) Innflutningur á ómeðhöndlaðri ull og hári inn í Sambandið frá tilteknum þriðju löndum eða svæðum í þriðju löndum skal heimilaður að því tilskildu að þau uppfylli nauðsynlegar kröfur og að þeim fylgi yfirlýsing innflytjanda í samræmi við fyrirmyndina í IV. viðauka við þessa reglugerð. Þessa yfirlýsingu skal leggja fram á einni af samþykktum skoðunarstöðvum Sambandsins á landamærum, sem skráð er í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum Bandalagsins á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknæðingar í Traces-tölvukerfinu ⁽⁶⁾, þar sem fara skal fram, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB

frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽⁷⁾, sannprófun skjala sem kveðið er á um í 3. mgr. 4. gr. í þeirri tilskipun.

- 15) Breyta ber reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 4. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:

„4. Lögbæra yfirvaldið getur undanþegið eftirfarandi rekstraraðila frá tilkynningaskyldunni sem um getur í a-lið 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009:

- a) rekstraraðila sem meðhöndla eða framleiða veiðiminjagripa eða annan tilbúning sem um getur í VI. kafla XIII. viðauka við þessa reglugerð, fyrir einkaaðila eða í öðrum tilgangi en til viðskipta,
- b) rekstraraðila sem meðhöndla eða farga rannsóknar- og greiningarsýnum sem notuð eru í menntunarskyni,
- c) rekstraraðila sem flytja þurra, ómeðhöndlaða ull og hár, að því tilskildu að þau séu í tryggilega lokuðum umbúðum og send beint til stöðvar sem framleiðir afleiddar afurðir til notkunar utan föðurferlisins eða til stöðvar þar sem fram fer millistigsstarfsemi við skilyrði sem koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsvalda.“

- 2) Í stað 2. mgr. 25. gr. komi eftirfarandi:

„2. Engin dýraheilbrigðisskilyrði skulu gilda um innflutning til Sambandsins og umflutning gegnum það á eftirfarandi afurðum:

- a) ull og hári sem hafa verið þvegin í verksmiðju eða sem hafa verið meðhöndluð með annarri aðferð sem tryggir að engin óásættanleg áhætta verði áfram til staðar,
- b) loðskinnum sem hafa verið þurrkuð við 18 °C umhverfishita og 55% rakastig í a.m.k. tvo daga,
- c) ull og hári, sem koma af öðrum dýrum en svínum, sem hafa verið meðhöndluð með þvotti í verksmiðju sem felst í idýfingu ullarinnar og hársins í röð baða af vatni, sápu og natríumhýdroxíði eða kalíumhýdroxíði,
- d) ull og hári, sem koma af öðrum dýrum en svínum, sem eru send beint til stöðvar sem framleiðir afleiddar afurðir úr ull og hári fyrir textíliðnaðinn og hafa verið meðhöndluð með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum:

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 128.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

- efnafræðilegri afhárun með leskjuðu kalki eða natríumsúlfíði,
 - svælingu í formaldehýði í loftþéttum klefa í a.m.k. sólarhring,
 - iðnaðarhreinsun (e. *industrial scouring*) sem felur í sér að ullinni og hárinu er dýft í vatnsleysanlegt þvotta- og hreinsiefni sem er haldið við 60–70 °C hitastig,
 - geymslu, þar sem telja má ferðatímann með, við 37 °C í átta daga, 18 °C í 28 daga eða 4 °C í 120 daga,
- e) ull og hári, sem eru þurr og í tryggilega lokuðum umbúðum, sem koma af öðrum dýrum en svínum og eru ætluð til sendingar til stöðvar sem framleiðir afleiddar afurðir úr ull og hári fyrir textíliðnaðinn og uppfylla allar eftirfarandi kröfur:
- i. þau voru framleidd a.m.k. 21. degi fyrir komu inn í Sambandið og geymd í þriðja landi eða á svæði í þriðja landi sem er
 - skráð í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og hefur heimild til að flytja ferskt kjöt af jörturdýrum, sem falla ekki undir viðbótarábyrgðir A og F sem þar eru nefndar, inn í Sambandið,
 - laust við gin- og klaufaveiki og, ef um er að ræða ull og hár af sauðfé og geitum, laust við fjárbólu og geitabólu í samræmi við almennu grunnviðmiðanirnar sem eru skráðar í II. viðauka við tilskipun 2004/68/EB,
 - ii. þeim fylgir yfirlýsing innflytjanda eins og krafist er í samræmi við 21. kafla XV. viðauka,
 - iii. rekstraraðilinn framvísaði þeim á einni af samþykktum skoðunarstöðvum Sambandsins á landamærum, sem eru skráðar í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB, þar sem þau stóðust, með fullnægjandi árangri, sannprófun skjala sem fór fram í samræmi við 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 97/78/EB.“
- 3) Í stað 31. og 32. liðar I. viðauka komi texti I. viðauka við þessa reglugerð.
 - 4) Ákvæðum 2. liðar A-liðar og B-liðar í VII. kafla XIII. viðauka skal breytt í samræmi við textann í II. viðauka við þessa reglugerð.
 - 5) Í stað 8. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka komi textinn í III. viðauka við þessa reglugerð.
 - 6) Texti IV. viðauka við þessa reglugerð bætist við XV. viðauka.
2. gr.
- Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. nóvember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Í stað 31. og 32. liðar I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 komi eftirfarandi:

„31. „ómeðhöndluð ull“: ull, önnur en ull sem hefur:

- a) verið þvegin í verksmiðju,
- b) fallið til við sýtun,
- c) verið meðhöndluð með annarri aðferð sem tryggir að engin óviðunandi áhætta verði áfram til staðar,
- d) komið af öðrum dýrum en svínunum og verið meðhöndluð með þvotti í verksmiðju sem felst í ídýfingu ullarinnar í röð baða af vatni, sápu og natríumhýdroxíði eða kalíumhýdroxíði eða
- e) komið af öðrum dýrum en svínunum, sem er ætluð til sendingar beint til stöðvar sem framleiðir afleiddar afurðir úr ull fyrir textíliðnaðinn og hefur verið meðhöndluð með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum:
 - i. efnafræðilegri afhárun með leskjuðu kalki eða natríumsúlfíði,
 - ii. svælingu í formaldehyði í loftþéttum klefa í a.m.k. sólarhring,
 - iii. iðnaðarhreinun sem felur í sér að ullinni er dýft í vatnsleysanlegt þvotta- og hreinsiefni sem er haldið við 60–70 °C hitastig,
 - iv. geymslu, þar sem telja má ferðatímann með, við 37 °C í átta daga, 18 °C í 28 daga eða 4 °C í 120 daga,

32. „ómeðhöndlað hár“: hár, annað en hár sem hefur:

- a) verið þvegið í verksmiðju,
- b) fallið til við sýtun,
- c) verið meðhöndlað með annarri aðferð sem tryggir að engin óviðunandi áhætta verði áfram til staðar,
- d) komið af öðrum dýrum en svínunum og verið meðhöndlað með þvotti í verksmiðju sem felst í ídýfingu hársins í röð baða af vatni, sápu og natríumhýdroxíði eða kalíumhýdroxíði,
- e) komið af öðrum dýrum en svínunum, sem er ætlað til sendingar beint til stöðvar sem framleiðir afleiddar afurðir úr hári fyrir textíliðnaðinn og hefur verið meðhöndlað með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum:
 - i. efnafræðilegri afhárun með leskjuðu kalki eða natríumsúlfíði,
 - ii. svælingu í formaldehyði í loftþéttum klefa í a.m.k. sólarhring,
 - iii. iðnaðarhreinun sem felur í sér að hárinu er dýft í vatnsleysanlegt þvotta- og hreinsiefni sem er haldið við 60–70 °C hitastig,
 - iv. geymslu, þar sem telja má ferðatímann með, við 37 °C í átta daga, 18 °C í 28 daga eða 4 °C í 120 daga.“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum VII. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað inngangsorða 2. liðar A-liðar komi eftirfarandi:

„2. Flutningur á svínsburstum og ull og hári af svínum af svæðum þar sem afrikusvínapest er landlæg skal bannaður nema um sé að ræða svínsburstir og ull og hár af svínum sem hafa verið:“

2) Eftirfarandi liður bætist við B-lið:

„Heimilt er að setja ull og hár, sem koma af öðrum dýrum en svínum, á markað án takmarkana í samræmi við þessa reglugerð, að því tilskildu:

- a) að þau hafi verið þvegin í verksmiðju, sem felur í sér að ullinni og hárinu er dýft í röð baða af vatni, sápu og natríumhýdroxíði eða kalíumhýdroxíði, eða
- b) að þau séu send beint til stöðvar sem framleiðir afleiddar afurðir úr ull eða hári fyrir textílnaðinn og ullin eða hárið hafi verið meðhöndlað með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum:
 - i. efnafræðilegri afhárun með leskjuðu kalki eða natríumsúlfíði,
 - ii. svælingu í formaldehyði í loftþéttum klefa í a.m.k. sólarhring,
 - iii. iðnaðarhreinun sem felur í sér að ullinni og hárinu er dýft í vatnsleysanlegt þvotta- og hreinsiefni sem er haldið við 60–70 °C hitastig,
 - iv. geymslu, þar sem telja má ferðatímann með, við 37 °C í átta daga, 18 °C í 28 daga eða 4 °C í 120 daga.“

III. VIÐAUKI

Í stað 8. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 komi eftirfarandi:

<p>„8 Ómeðhöndluð ull og hár sem koma af öðrum dýrum en svinum</p>	<p>Efni í 3. flokki sem um getur í h- og n-lið 10. gr.</p>	<p>1) Purra, ómeðhöndlaða ullin og hárið skulu vera a) í tryggilega lokuðum umbúðum og b) send beint til stöðvar sem framleiðir afleiðdar afurðir til notunar utan fæðuferlisins eða til stöðvar þar sem fram fer millistigsstarfsemi við skilyrði sem koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsvalda.</p> <p>2) Ullin og hárið eru ull og hár sem um getur í e-lið 2. mgr. 25. gr.</p>	<p>1) Öll þriðju lönd.</p> <p>2) Þriðja land eða svæði í þriðja landi a) sem er skráð í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og hefur heimild til að flytja ferskt kjöt af jörturdýrum, sem falla ekki undir viðbótarábyrgðir A og F sem þar eru nefndar, inn í Sambandið og b) sem er laust við gin- og klaufaveiki og, ef um er að ræða ull og hár af sauðfæ og geitum, laust við sauðabólu og getabólu í samræmi við II. viðauka við tilskipun ráðsins 2004/68/EB.</p>	<p>1) Ekkiergerðkrafaumdýraheilbrigðisvottorð vegna innflutnings á ómeðhöndlaðri ull og hári.</p> <p>2) Gerð er krafa um yfirlýsingu innflygjanda í samræmi við 21. kafla XV. viðauka“</p>
--	--	--	--	--

IV. VIÐAUKI

Eftirfarandi 21. kafli bætist við XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011:

„21. KAFLI

Fyrirmynd að yfirlýsingu

Yfirlýsing innflytjanda á ómeðhöndlaðri ull og hári, sem um getur í e-lið 2. mgr. 25. gr., vegna innflutnings inn í Evrópusambandið

LAND

I. hluti Upplýsingar um vörusendingu	I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Símanr.				I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a.												
					I.3. Lögbært stjórnvald														
					I.4. Lögbært staðaryfirvald														
	I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Land Símanr.				I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Nafn Heimilisfang Póstnúmer Símanr.														
	I.7. Upprunaland		ISO-kóði		I.8. Uppruna- svæði		Kóði		I.9. Viðtökuland		ISO-kóði		I.10. Viðtökusvæði		Kóði				
	I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang Land				Samþykkisnúmer				I.12. Ákvörðunarstaður Heiti Heimilisfang Póstnúmer/svæði				Samþykkisnúmer						
	I.13. Fermingarstaður Heimilisfang				I.14. Brottfarardagur														
	I.15. Flutningatæki Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/> Auðkenning Skjal:								I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning inn í ESB Heiti Eining nr.				I.17. CITES-Nr.						
	I.18. Lýsing á vöru								I.19. Vörunúmer (ST-númer)										
													I.20. Magn						
I.21. Hitastig afurða Stofuhiti <input type="checkbox"/>												I.22. Fjöldi pakkninga							
I.23. Nr. innsiglis/umbúða												I.24. Tegund umbúða							
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til frekari vinnslu <input type="checkbox"/>																			
I.26. Umflutningur um ESB til þriðja lands: Þriðja land				ISO-kóði				I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB				<input type="checkbox"/>							
I.28. Auðkenning vörunnar Tegund vöru												(kg)				Eigin þyngd			

LAND:

Ull og hár sem um getur í e-lið 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
YFIRLÝSING		
Ég undirrituð/undirritaður lýsi því yfir að ómeðhöndlaða ullin ⁽¹⁾ og/eða hárið ⁽¹⁾ kemur af öðrum dýrum en svinum:		
a) a.m.k. 21 degi fyrir komudag inn í Sambandið, b) í þriðja landi eða svæði í þriðja landi sem skráð er í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og hefur heimild til að flytja ferskt kjöt af jörturdýrum, sem falla ekki undir viðbótarábyrgðir A og F sem þar eru nefndar, inn í Sambandið og c) af dýrum sem eru haldin í þriðja landi eða á svæði í þriðja landi, sem um getur í b-lið, sem er laust við gin- og klaufaveiki og, ef um er að ræða ull og hár af sauðfé og geitum, laust við fjárbólu og geitabólu í samræmi við almennu grunnviðmiðanirnar sem eru skráðar í II. viðauka við tilskipun 2004/68/EB.		
Athugasemdir		
Þessi yfirlýsing varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum og verður að vera á a.m.k. einu opinberu tungumáli þess aðildarríkis þar sem sendingin kemur fyrst inn í Sambandið og a.m.k. á einu opinberu tungumáli viðtökuaðildarríkisins.		
I. hluti		
— Reitur I.11 & I.12:	Samþykkisnúmer: skráningarnúmer fyrirtækisins eða stöðvarinnar, sem lögbært yfirvald hefur gefið út.	
— Reitur I.19:	Nota skal viðeigandi samræmt flokkunarkerfi (ST-númer) Alþjóðatollastofnunarinnar fyrir eftirfarandi liði: 5101 eða 5102	
— Reitur I.20:	Magn: tilgreina skal samanlagða heildarþyngd og eigin þyngd í kg	
— Reitur I.28:	Tegund vöru: Tilgreinið ull og hár	
II. hluti:		
⁽¹⁾	Strikið yfir það sem á ekki við.	
⁽²⁾	Undirskrift skal vera í öðrum lit en prentaði textinn.	
Innflytjandi		
Nafn (með hástöfum):	Heimilisfang	
Dagsetning:	Undirskrift."	
Staður:		

II. hluti: Vottun